

61. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, haldinn í stofu 303, þann 8. apríl 2019.

Fyrsti fundur nýs háskólaráðs. Þessir fulltrúar sátu fundinn:

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor, Inga Sigurðardóttir, fulltrúi Háskólans á Hólum, Jón Eðvald Friðriksson, fulltrúi Háskólans á Hólum, Laufey Skúladóttir, fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytis, Stefán Óli Steingrímsson, fulltrúi Háskólans á Hólum og Sjöfn Guðmundsdóttir, fulltrúi Háskólans á Hólum, sem er varamaður Sveins Margeirssonar og Jóns Eðvalds Friðrikssonar (í fjarveru Sveins að þessu sinni).

Fundur settur 14:00.

Rektor lagði fram eftirfarandi dagskrá, sem var samþykkt.

1. Háskólinn á Hólum – hlutverk og framtíðarsýn.
2. Rekstrarstaða háskólans.
3. Námsreglur til umræðu og afgreiðslu.
4. Önnur mál.

Gengið til dagskrár:

1. Háskólinn á Hólum (HH) – hlutverk og framtíðarsýn.

Erla Björk, rektor, gerði grein fyrir framtíðarsýn skóla og staðar, með hliðsjón af þróun háskólastarfs á undanförunum árum. Þar kom m.a. fram að:

- a) árið 2008 fluttist skólinn undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið, að árið 2010 hóf skólinn þátttöku í samstarfsneti opinberu háskólanna, að fyrstu meistaranemarnir í fiskeldi og fiskalíffræði brautskráðust árið 2011, að árið 2013 var fyrsti hópur BS-reiðmanna útskrifaður frá skólanum, að árið 2014 voru fyrstu BS-nemarnir í sjávar- og vatnalíffræði brautskráðir og að sama ár var skólinn felldur undir lög um opinbera háskóla.
- b) frá 2007 óx fjöldi nemenda í stökkum en þeim hefur fækkað frá árinu 2015. Heildarfjöldi nemenda hefur farið úr 250 árið 2015 í um 200 árið 2018.
- c) fastráðnum starfsmönnum fækkaði á tímabilinu 2007 til 2019. Fjöldi starfsmanna á ársgrundvelli hefur að jafnaði verið á milli 45-50 manns. Dregið hefur verið úr ráðningum en nokkrir starfsmenn eru í „starfsstöðum“ í samstarfi með öðrum stofnunum.
- d) upprunalönd nemenda og starfsfólks HH eru í flestum heimsálfum jarðkringlunnar. 20% starfsmanna skólans eru fæddir erlendis en þeir eru flestir orðnir íslenskir ríkisborgarar.
- e) Grundvöllur er til að efla rannsóknastarf og -nám við skólann og alþjóðlegt samstarf háskólans um rannsóknir og nám, sbr. fjölþjóðlegt meistaranám í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild.
- f) nýta mætti húsnæðið á staðnum betur en allt húsnæðið/öll hús þarfnast viðhalds nú.
- g) fjárhagur HH hefur verið dapur frá 2008-9 þegar mikill samdráttur varð á milli ára. Meðaltal prósentuhækkun fjárheimilda til HH hefur verið um 6,8% á ári á sama tíma og hækkunin var 10-11% hjá hinum háskólunum.
Allir fundarmenn tóku þátt í umræðum undir þessum lið.

2. Rekstrarstaða háskólans kynnt. Rekstraráætlun fyrir árið 2019 er þegar komin til ráðuneytisins og hefur verið samþykkt þar. Háskólaráðsfulltrúar þurfa þess vegna ekki að samþykkja áætlunina að þessu sinni.

3. Námsreglur til umræðu og afgreiðslu.

Breytingar hafa verið gerðar á námsreglum í þá veru að deildarstjóri tekur ábyrgð á kvörtunum vegna námsmats, í stað kennsluviðs. Umræddar reglur voru útskýrðar og þær bornar undir atkvæði háskólaráðsfulltrúa. Breytingar samþykktar.

4. Önnur mál.

Rektor greindi frá því að unnið er að gæðastefnu fyrir skólann og í haust mun skólinn fara í gegn um sjálfsmat í gæðamálum. Tíu manna teymi starfsmanna kemur að ritun sjálfsmatskýrslu fyrir skólann og utanaðkomandi fjórir fulltrúar, auk tveggja stúdentafulltrúa, sækja háskólann heim í haust og meta gæði starfs háskólans. Rektor skýrði lauslega frá því hvaða fulltrúar koma til með að fjalla um gæðamálin og meta skólann.

Fyrirspurn kom um hver skylda skólans væri til stoðþjónustu gagnvart starfsmönnum. Í svari rektors kom fram að skólinn hefði ekki lagalega skyldu um stoðþjónustu en að á vinnustöðum með 50 starfsmenn eða fleiri, beri að hafa öryggisnefnd.

Ákveðið var að næsti fundur háskólaráðs verði haldinn þann 30. apríl kl.13, í stofu 303 á Hólum.